



Fjöldi gistinguáttanna á hótélum jókst um 4,6% á síðasta ári


Fjöldi gistinguáttanna á hótélum hér á landi nam tæplega 4,5 milljónum á síðasta ári og jókst fjöldinn um 4,6% milli ára. Fjöldi gistinguáttanna útlendinga nam rúmlega 4 milljónum og jókst hann um 3,8% milli ára. Gistinguætur Íslendinga námu 456 þúsund og fjölgaði um 11,8% milli ára. Þetta var í fyrsta sinn síðan árið 2010 sem að gistinguætur Íslendinga á hótélum jukust hlutfallslega meira en gistinguætur erlendra ferðamanna. Á því ári fækkaði reyndar gistinguóttum erlendra ferðamanna um 1,9% en um 1,4% fækkun varð á gistinguóttum Íslendinga.

Íslendingar með um 10% gistinguáttanna


Sökum þess að gistinguóttum Íslendinga fjölgaði meira en gistinguóttum útlendinga jókst vægi gistinguáttanna Íslendinga lítillega í heildarfjölda gistinguáttanna. Þannig fór vægi þeirra í heildargistinguóttum aftur yfir 10,2% en það mældist í fyrsta skiptið undir 10% árið 2017 þegar það var 9,6%. Vegna þess að meðalfjölgun erlendra ferðamanna hér á landi á síðustu árum og áratugum hefur reynst mun meiri en fjölgun gistinguáttanna erlendra ferðamanna hefur vægi Íslendinga í heildargistinguáttafjöldanum leitað niður á við. Hlutfall Íslendinga í heildargistinguáttafjöldanum var í kringum fjórðungur á árunum fyrir síðustu aldamót en hefur almennt séð leitað niður á við síðan.

Mjög mismunandi þróun eftir landsvæðum

Fjölgun gistinguáttanna bæði erlendra og innlendra ferðamanna var mjög mismunandi eftir landsvæðum. Mest var aukningin á Vesturlandi og Vestfirðum, eða 29,2%. Næstmesta aukningin var á Suðurlandi, 15,5%. Mesti samdrátturinn var á Austurlandi, 5,4%, en einnig mældist lítilsháttar samdráttur á höfuðborgarsvæðinu, -0,2%. Þetta var fyrsta árið síðan 2010 sem samdráttur mældist á þessum tveimur svæðum. Fjölgunin yfir landið í heild mældist 4,6% og var sú aukning borin af fjölguninni á Suðurlandi en þar fjölgaði gistinguóttum um 120 þúsund, sem er 61% af heildarfjölgun




Heimild: Hagstofa Íslands



Heimild: Hagstofa Íslands

Fjölgun gistinguáttanna á hótélum 2018



Heimild: Hagstofa Íslands



gistinátta yfir landið í heild. Framlag Vesturlands og Vestfjarða var einnig hátt, eða 55,7 þúsund, en framlag Norðurlands var 24 þúsund.


Mismunandi fjölgun gistinátta eftir þjóðerni

Fjölgun gistinátta var verulega mismunandi eftir þjóðerni. Gistinætur margra þjóða jukust hlutfallslega mikið en alls fjölgaði gistinóttum 32 þjóða hér á landi í fyrra. Til samanburðar fækkaði gistinóttum 15 þjóða en alls brýtur Hagstofan gistinætur erlendra ferðamanna niður á 47 þjóðir. Hlutfallslega mesta fjölgunin var hjá Kýpur en Kýpverjum fjölgaði um tæplega 67% milli ára. Næstmesta fjölgunin var hjá Lúxemborg, tæp 50%. Það er sammerkt með þeim þjóðum sem fjölgaði hlutfallslega mikið að vege lítið í heildargistináttafjöldanum. Undantekning á þessu voru þó Bandaríkjamenn en gistinóttum þeirra fjölgaði um 20,5% en gistinætur þeirra á hótelum hér á landi voru í fyrra um 1,1 milljón talsins. Það er um 26,3% af öllum gistinóttum bæði útlendinga og Íslendinga. Gistinóttum Kínverja fjölgaði um 37,2% milli ára og námu þær rúmlega 202 þúsund á síðasta ári, sem gerir um 4,7% af heildarfjölda gistinátta hér á landi. Það sem er athyglisverðast við fjölgun gistinátta Kínverja er að komum þeirra hingað til lands fjölgaði einungis um 4,1% og jókst því fjöldi gistinátta á hvern ferðamann allnokkuð.


Herbergjanýting ýmist að versna eða batna

Einnig var misjafnt milli landsvæða hvort meðalherbergjanýting yfir árið væri að batna eða versna milli ára. Hún fór úr 72,2% nýtingu yfir landið í heild niður í 69,2%. Nýtingin batnaði allsstaðar á landinu nema á höfuðborgarsvæðinu og Suðurlandi. Á höfuðborgarsvæðinu, þar sem nýtingin er best, fór nýtingin úr 84,4% niður í 79,4% sem er ívið betri nýting en árið 2015 en töluvert lakari en síðustu ár. Nýtingin á Suðurlandi fór lítilliga niður, eða úr 65,7% niður í 64,0%, sem er samt næstbesta nýtingin sem náðst hefur á því svæði. Nýtingin batnaði mest á Vesturlandi og Vestfjörðum og fór úr 48,9% og upp í 52%. Næstmesti batinn var á Austfjörðum en þar fór nýtingin úr 37,7% og upp í 40%. Nýtingin á Vesturlandi og Vestfjörðum, Austurlandi og Suðurnesjum hefur ekki áður mælst jafn há og hún var í fyrra. Almennt má segja að nýtingin sé töluvert


Hlutfallsleg fjölgun gistinátta eftir þjóðerni



Fjölgun gistinátta eftir þjóðerni



Herbergjanýting á hótelum






háð fjarlægð frá Leifsstöð. Þeim mun lengri vegalengd frá Leifsstöð, þeim mun verri er nýting á hótélherbergjum. Þannig er nýtingin verst á Austurlandi og Norðurlandi en best á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum.

Mikill munur í árstíðasveiflu á Vesturlandi og Vestfirðum

Í tölum um gistinætur á öllum tegundum gististaða er búið að flokka Vesturland og Vestfirði sem sitt hvort svæðið. Þar sést að árstíðasveifla í gistinóttum er mun meiri á Vestfirðum en á Vesturlandi. Ekki eru komnar tölur fyrir árið 2018 en sé stuðst við tölur frá árinu 2017 sést að gistinætur á Vestfirðum voru að meðaltali 8 sinnum fleiri yfir sumarmánuðina júní, júlí og ágúst en að meðaltali yfir aðra mánuði ársins. Gistinætur á Vesturlandi voru hins vegar að meðaltali 3 sinnum fleiri yfir sumarmánuðina en að meðaltali yfir aðra mánuði ársins. Þar sem árstíðasveiflan hefur mjög mikil áhrif á herbergjanýtingu er þetta mjög sterk vísbending um að herbergjanýting á hótélum sé mun betri á Vesturlandi en Vestfirðum og er því í samræmi við að herbergjanýting á einstökum svæðum landsins skýrist að mestu leyti af fjarlægð frá Leifsstöð.

Árstíðasveifla í gistinóttum



Gistinætur á öllum tegundum skráðra gististaða. Sýnir hlutfallið á milli meðalfjölda gistinátta í júní, júlí og ágúst og meðalfjölda gistinátta aðra mánuði ársins. Heimild: Hagstofa Íslands

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.